

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 25. febrúar 2022
Kl. 09-11

Mætt:

Þórir Guðmundsson formaður, Sólrún María Ólafsdóttir, fulltrúi félagasamtaka, Rauða krossinum á Íslandi, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, fulltrúi félagasamtaka, Barnaheill - Save the Children á Íslandi, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins, ASÍ, Halldór Benjamín Þorbergsson, Samtökum Atvinnulífsins, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka, ABC barnahjálp, Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka, SOS barnþorpum, Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka, UN Women á Íslandi, Erla Hlín Hjálmarsdóttir, deildarstjóri árangurs og úttekta, utanríkisráðuneytinu, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokkki, Vilhjálmur Árnason, Sjálfstæðisflokkki, Bjarni Gíslason, fulltrúi félagasamtaka, Hjálparstarf kirkjunnar, Ágústa Gísladóttir, deildarstjóri innanlandssamstarfs þróunarsamvinnu, utanríkisráðuneytinu Sóley Ásgeirsdóttir, sérfræðingur, samstarf við félagasamtök, utanríkisráðuneytinu Unnur Kjartansdóttir, stjórnarráðsfulltrúi, utanríkisráðuneytinu.

Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri grænum, Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokkki, Jakob Frímagn Magnússon, Flokkki fólksins, Bergþór Ólason, Miðflokkki, boðuðu forföll.

Nefndarritari: Unnur Kjartansdóttir

1. Fundur settur (09:01-09:05)

Formaður bauð fulltrúa velkomna og lagði fram fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Var fundargerð samþykkt. Aðalefni fundarins var að þessu sinni samstarf við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. Yfirlit yfir samstarf utanríkisráðuneytisins á þessu sviði, fyrri og yfirstandandi úttektir, undirbúningur fyrir og gerð rammamarkmiðna og þær umbætur sem gerðar hafa verið á samstarfinu undanfarið ár.

2. Samstarf við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð (09:05-10:30)

Deildarstjóri innanlandssamstarfs þróunarsamvinnu frá utanríkisráðuneytinu fór yfir samstarf ráðuneytisins við félagasamtök. Samstarf við félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar á sér langa sögu og hefur fjölbreytni verkefna aukist mjög á undanföllum árum þar sem fjölbreytt verkefni í þróunarríkjum hafa verið styrkt. Félagasamtök eru þýðingarmiklir samstarfsaðilar og gegna mikilvægu hlutverki við að vinna yfirmarkmiðum þróunarsamvinnustefnu Íslands og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna brautargengi.

Hlutverk styrkveitinga til félagasamtaka og fyrirtækja er að hvetja til samfjármögnunar heimsmarkmiðanna og aukinnar þátttöku í þróunarsamvinnu. Markmiðið er að draga úr fátækt og styðja við sjálfbæran vöxt í fátækustu ríkjum heims.

Við úthlutun styrkja og í öllu samstarfi er lögð sérstök áhersla á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og loftlagsmál skv. stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu (2019-2023). Við úthlutun styrkja til þróunarsamvinnuverkefna og kynningar- og fræðsluverkefna er unnið samkvæmt reglum um styrki utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020. Settar eru sérstakar verklagsreglur fyrir hvern styrkjaflokk og sér sérstakur mats- hópur um að meta umsóknir skv. settum viðmiðum og gera tillögu að úthlutun til ráðherra.

Spurðu fulltrúar nefndarinnar um eðli framlaga og aðkomu ráðherra að úthlutunum. Skýrði fulltrúi utanríkisráðuneytisins að fjárframlög til félagasamtaka séu hluti af sérstökum fjárlagalið. Vegna laga um opinber fjármál er það formlega ráðherra sem úthlutar styrkjum. Hins vegar er ferli til staðar sem tryggir hlutleysi. Matsramma og nánari upplýsingar vegna úthlutana má finna [hér](#).

Næst fór fulltrúi utanríkisráðuneytisins yfir þau atriði sem hafa verið efst á baugi í samstarfi við félagasamtök á undanförunum tveimur árum. Þar bar hæst úttekt sem gerð var á samstarfinu á árunum 2020-2021 þar sem stefnumið um samstarfið og rammamningur við Rauða krossinn á Íslandi voru tekin út. Niðurstöður úttektarinnar gáfu til kynna að margt væri vel gert í samstarfinu en rými væri fyrir úrbætur. Einkum mælti úttektin með aukinni notkun rammamninga.

Í framhaldi af úttektinni fór af stað vinna þar sem kallað var eftir áhugayfirlýsingum frá félagasamtökum, að gefnum ákveðnum skilyrðum, vegna rammamninga. Alls fóru fimm félög í gegnum fjárhagslega áreiðanleikakönnun framkvæmda af KPMG þar sem fjögur félög voru metin hæf til að gangast undir slíka samninga. Um er að ræða Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauða krossinn á Íslandi og SOS barnaþorpin á Íslandi. Áætlað er að samningarnir verði undirritaðir af ráðherra í mars næstkomandi. Um er að ræða alls sjö samninga, þrjá vegna mannúðaraðstoðar og fjóra vegna þróunarsamvinnu.

Upplýst var að KPMG hafi einnig haldið námskeið um innra eftirlit fyrir félagasamtök í þróunarsamvinnu að beiðni ráðuneytisins.

Spurt var um framkvæmd úttektarinnar og hvort hlutar af henni hafi verið unnir á vettvangi. Svarað var að úttektin hafi verið almenns eðlis og ekki var farið á vettvang þar sem verið var að taka út verklag í kringum samstarfið og starf ráðuneytisins í stað einstakra verkefna. Hins vegar hafa verkefni á vegum félagasamtaka verið tekin út og hefur ráðuneytið m.a. fengið óháða aðila til þess vinna úttektir á vettvangi. Nýlegasta dæmið er úttekt á starfi SOS barnaþorpa í Tógó.

Deildarstjóri árangurs og úttekta kom þá inn á fundinn og ræddi úttektina frekar og þær úttektir sem framundan eru. Hún benti á að hægt sé að nálgast úttektir og samantektir um þær á heimsíðu utanríkisráðuneytisins. Nánar má lesa um úttektir [hér](#).

Að loknum umræðum um úttektir fór deildarstjóri innanlandssamstarfs þróunarsamvinnu stuttlega yfir úthlutanir til félagasamtaka á árinu 2021 og skiptingu þeirra milli samtaka. Upp úr þeirri yfirferð hófst umræða um aðkomu einkageirans að þróunarsamvinnu og hvernig best væri að virkja hann. Bent var á að í gangi væru ýmis sjálfssprottin verkefni á vegum íslenskra fyrirtækja sem væru án aðkomu stjórnvalda. Einn nefndarfulltrúi taldi að auðveldast væri að vekja áhuga íslenskra fyrirtækja á þróunarsamvinnu í gegnum verkefni á sviði tækni og nýsköpunar.

Bent var á að íslensk fyrirtæki hafi fram til þessa verið treg til samstarfs og hafi auk þess litla staðarþekkingu. Ráðuneytið upplýsti að unnið væri að því að virkja betur samstarf fyrirtækja og félagasamtaka þar sem fyrirtæki skorti oft reynslu af vettvangi sem félagasamtök búa yfir.

Spurt var um gerð rammasamninga með hliðsjón af stefnumiðum stjórnvalda í þróunarsamvinnu, þá helst hvaða kröfur hið opinbera gerði á félagasamtök og fyrirtæki um að fylgja stefnumiðunum. Svaramað var að öll verkefni sem fjármögnuð eru með þróunarsamvinnufé þurfi að falla að stefnumiðunum og áherslum Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Þar eru jafnréttismál, mannréttindi og loftlagsmál í forgrunni ásamt heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Héraðsnálgunin í tvíhliða samstarfslöndunum hefur einnig fært okkur nær hagaðilum og gert okkur betur kleift að sjá til þess að stefnumiðunum sé framfylgt í okkar verkefnum þar. Benti fulltrúi félagasamtaka á að skv. sinni reynslu hafi ráðuneytið skýra sýn hvað varðar stefnumið og framfylgd við þróunarsamvinnustefnu. Allar umsóknir um þróunarsamvinnuverkefni fylgi ákveðnum staðli og fyrirframgefnum viðmiðum sem eru í takt við stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Sjái umsóknarferli um að þau verkefni sem fjármagni er veitt til séu í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Lýstu fulltrúar í nefndinni yfir almennri ánægju með samstarf við félagasamtök. Bent var á að félagasamtök hafi gríðarlega mikinn kraft í nálægð sinni við grasrótina og samskiptum við sjálfboðaliða. Það sé mikið virði í því. Mikið var rætt um forskot félagasamtaka þegar kemur að samstarfi og viðbragðsflýti á vettvangi. Mikilvægt sé að virkja og nýta þetta forskot. Félagasamtökin geta í mörgum tilfellum verið milliliðir stjórnvalda á vettvangi.

Einnig bentu fulltrúar í nefndinni á að félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki við vitundarvakningu til almennings á Íslandi og safna sjálf miklu fé til þróunarsamvinnuverkefna og mannúðaraðstoðar til viðbótar við framlög stjórnvalda. Einnig var bent á að auðveldara er fyrir félagasamtök að kynna sína starfsemi og fá almenning með sér í lið. Íslendingar eru almennt jákvæðir fyrir því að styrkja starf félagasamtaka.

Fulltrúi félagasamtaka vísaði í fyrri fundargerðir þar sem oft hefur verið ályktað um aukið samstarf og hækkun framlaga til félagasamtaka. Áætluð framlög til félagasamtaka á árinu 2022 nema um 6% af heildarframlögum Íslands til þróunarsamvinnu. Vildu fulltrúar sjá frekari hækkun en þróunin væri jákvæð. Félagasamtök geta auðveldlega tekið við meiri framlögum og aukið sitt starf. Nefnt var að áður hefði komið til tals að 8% heildarframlaga færu í gegnum félagasamtök og einn fulltrúi nefndi 12-14% sem mögulegt markmið.

Rætt var stuttlega um fyrirkomulag styrkveitinga til landsnefnda stofanna SP en undir núverandi fyrirkomulagi sækja félögin um styrki til kynningarstarfs. Lagt var til að ráðuneytið myndi skoða fyrirkomulag stuðnings til landsnefnda t.d. á Norðurlöndum. Taldi fulltrúi félagasamtaka að landsnefndinar þyrftu meira fjármagn ef þær ættu að geta sinnt sínu starfi. Fulltrúinn tók þó fram að rammasamningarnir væru skref í rétta átt og að nefndirnar hafi átt mjög gott samstarf við ráðuneytið.

Fulltrúar félagasamtaka lýstu allir yfir mikilli ánægju með samstarf sitt við ráðuneytið og það aðhald sem það veitir. Mikil breyting til batnaðar hafi orðið á síðustu árum. Einn fulltrúanna hafði á orði að ekki væri samkeppni á milli samtakanna um fjármagn heldur væru allir meðvitaðir um að þeir væru að vinna að sameiginlegu markmiði.

Að lokum var spurt um þær siðferðiskröfur og menntunarkröfur sem gerðar séu til starfsmanna félagasamtaka.

Svarað var að umsækjendur þurfi ávallt að skrifa undir siðareglur og fylgja þeim í hvívetna Varðandi menntunarkröfur að þá eru fengir til sérfræðingar á sviði þróunarmála í matsnefndir.

3. Hlutverk og starfsemi þróunarsamvinnunefndar (10:30-10:55)

Að lokum var farið yfir hlutverk og starfsemi þróunarsamvinnunefndar þar sem nýir fulltrúar hafa nú bæst við. Þar kom fram að þróunarsamvinnunefnd skal samkvæmt lögum sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgjast með framkvæmd hennar. Einnig stendur í lögum að fulltrúi ráðuneytisins skuli sitja fundi nefndarinnar.

Þróunarsamvinnunefnd skal m.a. fjalla um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og aðgerða-áætlun þar að lútandi, framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu. Nefndin fundar að lágmarki tvisvar á ári með ráðherra og upplýsir utanríkis-málanefnd reglulega um störf sín. Einnig kom fram að nefndin getur staðið fyrir opnum fundum um þróunarsamvinnu í samvinnu við utanríkisráðuneyti og lagt til við utanríkisráðherra að greiningar verði gerðar á einstökum álitamálum í þróunarsamvinnu.

Í tengslum við umræður sem hafa orðið um hæfi nefndarmanna og gesta upplýsti formaður nefndarinnar að hann hefði rætt við Laga- og stjórnsýsluskrifstofu ráðuneytisins. Sérfræðingur hennar hefði lagt áherslu á að nefndin væri aðeins ráðgefandi en væri ekki stjórnsýslunefnd þannig að spurningar um hæfi kæmu sjaldnast til álita. Einnig vakti formaður athygli á því að ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu yrði bráðlega í undirbúningi og að nefndin ætti að taka þátt í undirbúningnum. Voru nefndarmenn sammála því.

Fundargerðir eru sendar aðstoðarmanni ráðherra en lagði formaður einnig til að hann myndi útbúa stutt minnisblað til ráðherra eftir hvern fund. Hann hefði rætt við aðstoðarmann ráðherra sem hefði verið áhugasamur um það. Var tillagan samþykkt.

4. Önnur mál

Spurt var um aðgerðir og framlög til verkefna í Jemen. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins fór yfir þau framlög sem veitt hefur verið til aðstoðar í Jemen, aðallega í gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar félagasamtaka tiltóku einnig það starf sem þau hafa unnið að í Jemen.

Í framhaldi af þeirri umræðu var lagt til að fulltrúa ráðuneytisins á sviði mannúðarmála væri boðið á fundi til að ræða neyðar- og mannúðarmál á einstökum svæðum.

Í tilefni af fundi utanríkisráðherra með framkvæmdastjóra WFP þann 10. febrúar var spurt um upplýsingagjöf vegna þeirra funda og hvort að nefndarmenn gætu nálgast gögn og frásagnir af slíkum fundum. Var svarað að ekki sé til sérstakt verklag um birtingu fundargerða frá slíkum fundum en birtar eru fréttatilkynningar.

Einnig var rætt um aðkomu fulltrúa ráðuneytisins að fundum þróunarsamvinnunefndar, þ.e. helst hver teldist fulltrúi ráðuneytisins líkt og nefnt er í lögum. Nefndarmönnum þótti eðlilegast að skrifstofustjóri eða fulltrúi hans myndi sitja fundi ásamt því að ritari nefndarinnar kæmi úr ráðuneytinu.

Fundi slitið 10:57